

**AUGLÝSING****um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytið, 25. júní 1985.*

**Steingrímur Hermannsson.**

---

*Guðmundur Benediktsson.***LÖG****um breytingu á lögum nr. 53 28. maí 1980, um jöfnun og lækkun  
hitunarkostnaðar.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Iðnaðarráðherra fer með framkvæmd laganna og er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 19. júní 1985.*

**Steingrímur Hermannsson.****Ólafur Þ. Þórðarson.****Magnús Þ. Torfason.**

(L.S.)

---

*Matthías Á. Mathiesen.*